

## AUGLÝSING

### um friðland við Varmárósa, Mosfellsbæ.

#### 1. gr.

##### *Um friðlýsinguna.*

Umhverfisráðherra hefur að tillögu sveitarfélagsins Mosfellsbæjar og að fengnu áleti Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands ákveðið að endurskoða friðlýsingu sjávarfitja í óshólum um Varmár í Mosfellsbæ og er svæðið friðland, skv. 1. tölul. 1. mgr. 53. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

Friðlandið við Varmárósa var upphaflega stofnað árið 1980, í kjölfar þess að þar fannst plöntu- tegundin fitjasef (*Juncus gerardii*), og er um að ræða annan af þekktum fundarstöðum tegundarinnar hér á landi. Fitjasef er á valista sem tegund í yfirvofandi hættu og nýtur tegundin sérstakrar verndar sbr. auglýsingu um friðlýsingu nokkurra plöntutegunda nr. 184/1978. Í samræmi við 37. gr. laga um náttúruvernd njóta mýrar og flóar, 3 ha að stærð eða stærri og sjávarfitjar og leirur sérstakrar verndar.

Við ákvörðun um endurskoðun friðlýsingarinnar var höfð hliðsjón af samningnum um vernd villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bern 1979) sbr. Stjórnartíðindi C 17/1993 og samningnum um líffræðilega fjölbreytni (Río de Janeró 1992) sbr. Stjórnartíðindi C 11/1995, ásamt stefnumörkun stjórnvalda.

#### 2. gr.

##### *Markmið friðlýsingarinnar.*

Markmið friðlýsingarinnar er að vernda og viðhalda fitjasefi og búsvæði þess sem og náttúrulegu ástandi votlendis Varmárósa ásamt sérstöku gróðurfari sem þar er. Einnig er markmið með friðlýsingunni að tryggja rannsóknir og vöktun á lífríki svæðisins með áherslu á plöntuna fitjasef, búsvæði hennar og votlendisins.

Ennfremur er það markmið friðlýsingarinnar að treysta útivistar-, rannsókn- og fræðslugildi svæðisins.

#### 3. gr.

##### *Mörk friðlandsins.*

Að norðan eru mörkin dregin frá punkti sem staðsettur er norður af odda Hestþinghóls og til suðurs í punkt sem liggur um 50 metra vestan Hestþinghóls. Þaðan liggja mörkin til suðausturs meðfram reiðstíg í um 5 metra fjarlægð og meðfram línu trjálundar. Við suðausturhornið kemur útskot til samræmis við legu reiðstígs og þaðan liggja mörkin til norðausturs meðfram skurði við hesthúsahverfi. Við enda þeirrar línu liggja mörkin til norðvesturs og síðan eftir aðalál Varmár í punktum til norðurs að upphafspunkti. Sjá eftirfarandi hnitatöflu:

Nr.	X-hnit	Y-hnit	Nr.	X-hnit	Y-hnit	Nr.	X-hnit	Y-hnit
1	368387,7	411152,9	7	368698,3	410722,3	13	368686,9	410970,4
2	368387,6	410940	8	368714,3	410727,9	14	368619,9	410982,6
3	368438,1	410924	9	368731,5	410722,8	15	368516,8	411050,1
4	368456,7	410913,3	10	368897,8	410917,4	16	368489,2	411106,7
5	368574,2	410820,5	11	368868,1	410961,3	17	368447,1	411149,1
6	368601,6	410764,9	12	368776	410958,5			

#### 4. gr.

##### *Verndun gróðurs, dýralífs og landslags.*

Vernda skal tegundina fitjasef og búsvæði hennar ásamt lífríki svæðisins þannig það fái að þróast samkvæmt náttúrulegum lögmálum og á eigin forsendum. Óheimilt er að spilla gróðri og trufla dýralíf af ásetningi í friðlandinu. Búfjárbætt, þ.m.t. hrossabætt er óheimil innan friðlandsins.

Óheimilt er að breyta straumskiptum í Leirvogi, þannig að áhrif hafi á skilyrði fyrir gróður og dýralíf á friðlandinu.

## 5. gr.

*Umferð um friðlandið.*

Almenningi er heimil för um friðlandið og er öllum skylt að ganga vel og snyrtilega um svæðið. Umferð vélknúinna farartækja er óheimil innan marka friðlandsins.

Óheimilt er að hafa hunda lausa innan friðlandsins.

## 6. gr.

*Mannvirkjagerð og aðrar framkvæmdir.*

Öll mannvirkjagerð svo og aðrar breytingar á landslagi eru bannaðar. Allt rask á jarðmyndunum er óheimilt á verndarsvæðinu, þ.m.t. efnistaka.

## 7. gr.

*Veidi og notkun skotvopna.*

Öll meðferð skotvopna sem og veiðar eru bannaðar innan friðlandsins.

## 8. gr.

*Umsjón með friðlandinu.*

Umsjón og rekstur friðlandsins skal vera í höndum sveitarfélagsins Mosfellsbæjar, samkvæmt samningi Umhverfisstofnunar og sveitarfélagsins Mosfellsbæjar sem umhverfisráðherra staðfestir. Umhverfisstofnun skal sjá um gerð verndaráætlunar fyrir friðlandið í samráði við sveitarfélagið Mosfellsbæ, sbr. d-lið 6. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

## 9. gr.

*Verndaráætlun og vöktun.*

Umhverfisstofnun skal í samvinnu við sveitarfélagið Mosfellsbæ sjá um gerð verndaráætlunar fyrir hið friðlýsta svæði í samræmi við d-lið 6. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999, en þar skal m.a. fjallað um vöktun á lífríki.

Náttúrufræðistofnun Íslands vaktar náttúru svæðisins og lífríki og upplýsir Umhverfisstofnun og sveitarfélagið Mosfellsbæ um aðsteðjandi hættur eða um nauðsynlegar framkvæmdir í þágu verndar.

## 10. gr.

*Refsiákvæði.*

Brot gegn friðlýsingu þessari varðar sektum og fangelsi allt að tveimur árum, sbr. 75. og 76. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

## 11. gr.

*Gildistaka.*

Friðlýsingin öðlast þegar gildi. Á sama tíma fellur úr gildi auglýsing nr. 506/1987 um friðland við Varmárósa.

*Umhverfisráðuneytinu, 7. mars 2012.*

**Svandís Svavarsdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Guðríður Þorvarðardóttir.*



nr	X	Y
1	368387,71	411152,85
2	368387,61	410939,98
3	368438,13	410924,04
4	368456,73	410913,27
5	368574,18	410820,47
6	368601,62	410764,87
7	368698,30	410722,27
8	368714,34	410727,95
9	368731,50	410722,81
10	368897,85	410917,40
11	368868,10	410961,30
12	368776,05	410958,51
13	368686,88	410970,42
14	368619,94	410982,59
15	368516,75	411050,06
16	368489,24	411106,68
17	368447,12	411149,13

